

Erindisbréf

Starfshópur um starfsaðstæður í leikskólum

Starfshópurinn starfar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs frá 30. október 2017

Hlutverk:

Megin verkefni starfshópsins er að leggja fram tillögur að bættum starfsaðstæðum í leikskólum. Í þeim tilgangi að tryggja að vinnuumhverfi starfsfólks og barna séu eins og best verður á kosið og gera leikskólastarfið í Hafnarfirði sem eftirsóknarverðast.

1. **Vinnuaðstaða starfsfólks og rými barna verði tekið til endurskoðunar.** Að starfshópurinn finni leiðir til þess að sporna við álagsvöldum í leikskólum.
2. **Leikrými og heildarrými barnahópa.** Ýmsar tillögur hafa verið lagðar fram nú þegar og liggur tillaga til samþykktar þar um í fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárið 2018. Starfshópurinn skoði og vinni meðal annars úr þeim tillögum sem liggja fyrir og móti ígrundaða stefnu um raunverulega aukningu á rými á hvert barn í leikskólum.
3. **Þróun vistunartíma barna.** Framtíðarsýn um vistunartíma unnin. Tölur frá Hagstofu frá 1998-2016 og niðurstaða skýrslu OECD hafðar til hliðsónar.
4. **Sérstaklega verði skoðað stærð barnahópa** og afleiðingar þess mikla álags fyrir börn að vera í stórum hópi í litlu rými löngum stundum.
5. **Stytting vinnuvikunnar í ljósi lengdar á viðveru leikskólakennara með börnunum.** Skoða með hvaða hætti er hægt að stytta viðverðu leikskólakennara á deild. Starfshópurinn leiti leiða með það að markmiði að dagleg viðvera sé sex tímar á dag og svo 2 tímar sem t.d. væru til undirbúnings, funda, starfsþróunar og fleira.
6. **Annað sem hópurinn** telur mikilvægt og tengjast vinnslu málsins.

Starfshóp skipa

- Þrír fulltrúar fræðsluráðs (einn fulltrúi er jafnframt formaður)
- Fulltrúi stjórnenda í leikskólum Hafnarfjarðar
- Einn leikskólakennari úr leikskólum Hafnarfjarðar
- Fulltrúi tilnefndur af félagi leikskólakennara
- Fulltrúi foreldra leikskólabarna

Sviðsstjóri og þróunarfulltrúi leikskóla eru starfsmenn hópsins

Þrír fulltrúar fræðsluráðs ásamt sviðsstjóra og þróunarfulltrúa skipa jafnframt stýrihóp fyrir verkefnið.

Verkefni sviðsstjóra:

Stýrir framgangi verkefnisins

Boðar fundi

Samskipti við hagsmunaaðila

Tengsl við aðrar einingar innan stjórnkerfis Hafnarfjarðar sem málið varðar

Verkefni þróunarfulltrúa er


- Söfnun gagna og upplýsinga sem þörf er á

Aðstoðarmaður sviðssjóra ritar fundi og sér um skráningu gagna.

Starfshópurinn getur kallað eftir ráðgjöf og samstarfi innan og utan bæjaris eftir því sem við á og kallað til aðila sem þeir óska eftir og telja að styðji framkvæmd verkefnisins.

Starfshópurinn hefur störf 17. nóvember 2017 og skili lokaskýrslu með tillögum til fræðsluráðs 1. maí 2018.

Hafnarfirði 30. október 2017



Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu